

Heidelberg Materials Norður – Evrópa – Siðareglur birgja

Inngangur

Þessar siðareglur birgja sem gilda á heimsvísu, eru grundvöllur fyrir öll samningstengsl milli Heidelberg Materials og birgja þess. Almennt þá er starfsemi okkar háð viðeigandi landslögum og reglugerðum sem fjalla um umhverfisvernd, vöruöryggi og félagsleg velferðarmál. Umfram það þá er það stefna Heidelberg Materials að fara formlega fram á það að allir birgjar okkar virði meginreglur siðareglna okkar og tileinki sér venjur sem eru í samræmi við þær.

Siðareglur birgja sem við höfum sett byggja á Heidelberg Materials „Siðareglunum“ og er leitast við að siðareglur birgja séu í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla og meginreglur sem varða mannréttindi, vinnuréttindi, vörn gegn spillingu og umhverfi, sem og alþjóðlega samfélagsábyrgðarstaðallinn SA 8000, þýsku lögum um áreiðanleikakönnun fyrirtækja í birgjakeðjum og umhverfisstaðallinn ISO 14001 í okkar andstremmis aðfangaðju.

Kröfur sem við gerum til birgja okkar

Heidelberg Materials gerir ráð fyrir því að birgjar sínir fylgi meginreglum eftirfarandi alþjóðlegra staðla:

- Átta megin vinnustaðla Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar
- Tíu meginreglur hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.
- Viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki; og
- Leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Nánar tiltekið, Heidelberg Materials gerir kröfu til þess af birgjum sínum að þeir uppfylli þeir skuldbindingar sem kveðið er á um hér að neðan og ábyrgist að krefjast þess að farið sé eftir þessum reglum frá beinum birgjum þess og að þeir sýni kostgæfni við að sannreyna að þessum reglum sé fylgt í aðfangaðjum þeirra.

Vinnuskilyrði/Vinnuafli

- Birgjar skulu ekki notast við barnaþrælkun af neinni tegund í starfsemi sinni. Birgjar skulu fylgja vinnustöðlum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um lágmarksaldur í störf og samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um verstu gerðir af barnavinnu.
- Laun og kjör verða að vera í samræmi við grundvallar meginreglur varðandi lágmarkslaun, vinnutíma, yfirvinnutíma og lögboðnum kjörum, og er ætlast til þess að birgjar tryggi jöfn laun fyrir jafna vinnu óháð kyni, eins og kveðið er á um vinnustaðli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar 100.
- Ekki skal notast við hvers kyns nauðungarvinnu eins og skilgreind er af Nauðungarvinnustaðli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, þar á meðal, nauðungar yfirvinnu, skuldaánaud, mansal, þrælahald eða nauðungarvinstunarvinnu og að starfsmönnum sé frjálst að hætta störfum með hæfilegum fyrirvara.
- Birgjar skulu fylgja rétti starfsmanna til félagafrælsis og viðurkenndi rétt starfsmanna samkvæmt kjarasamningum, þar sem leyfilegt er samkvæmt lögum.
- Birgjar skulu tryggja örugg og heilbrigð vinnuskilyrði sem uppfylla eða fara eftir viðeigandi stöðlum um vernd og öryggi á vinnustöðum. Það felur í sér, í það minnsta, hlítni við gildandi lög og reglugerðir í landinu, og að hafa tilskilin leyfi og heimildir. Birgjum skulu hafa viðeigandi verklagsreglur sem og öryggisviðmið og búnað og skulu stöðugt sé verið að bæta vernd og öryggi.

Umhverfisstær

- Starfsemi birgja skal fela í sér lágmarks hlítni við öll umhverfis lög og reglugerðir í viðkomandi landi og skal farið eftir þeim með áreiðanleika og umhyggju við umhverfið. Umhverfisáhrif lúta að, en eru ekki takmarkað við, útblástur, orku, vatn, úrgangur og líffræðilegan fjölbreytileika og skal stjórnað með kerfisbundnum hætti, skulu birgjar forðast, lágmarka eða bæta slík áhrif, þar á meðal umhverfisáhrif sem meina einstaklingi aðgang að mat, drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu eða skaða heilsu einstaklings. Enn fremur skulu birgjar hafa viðeigandi umhverfis verklagsreglur til staðar, og skulu stöðugt bæta árangur sinn í umhverfismálum.
- Birgjar skulu stuðla að öruggum og umhverfisvænum innkaupum, framleiðslu, flutning, dreifingu, notkun og förgun afurða þeirra og þjónustu.
- Birgjar skulu virða allar viðeigandi innanlands og alþjóðlegar land, vatns- og auðindaréttindi. Ólöglegur þvingaður brottflutningur er ekki heimilaður.
- Ef starfsemi birgja felur í sér:
 - (a) kvikasilfur eða kvikasilfurs efnasamband, vörur sem innihalda kvikasilfur eða kvikasilfursúrgangur, skulu birgjar fara eftir Minamata sáttmálanum um kvikasilfur;
 - (b) efnablöndur og efnaúrgangur og varabirgðir, skulu birgjar fara eftir Stokkhólms sáttmálanum um efnablöndur;

(c) flutningar á hættulegum úrgangi og öðrum úrgangi eins og skilgreint er í Basel sáttmálanum um eftirlit með flutningum yfir landamæri á úrgangi og förgun þess, birgjar skulu fara eftir 2., 5. og 8. mgr. 4. gr. sáttmálans.

Viðskiptasiðferði

- Viðskipti skulu vera höfð uppi af heilindum. Engar greiðslur, þjónustur, gjafir, skemmtanir eða annað skal vera boðið eða gefið neinum af starfsmönnum Heidelberg Materials eða þriðja aðila sem er ætlað að hafa óeðlileg áhrif á það hvernig starfsmaður Heidelberg Materials eða þriðji aðili fer að skyldum sínum. Á sama hátt skal Heidelberg Materials ekki bjóða eða veita slíkar greiðslur, þjónustu, gjafir, skemmtanir eða annað til birgja sem er ætlað að hafa óeðlileg áhrif á það hvernig birgjar fara að skyldum sínum.
- Ef birgjar nota einka- eða opinbera öryggisþjónustuveitendur, skulu þeir fá leiðbeiningar og stjórná þeim á réttan hátt til að forðast hvers kyns ólöglegt vald eða kúgun.
- Ætlast er til þess að birgjar haldi óhlutdrægum tengslum við viðskiptavini, birgja og aðra viðskiptafélaga og sjái til þess að öllum hagsmunaárekstrum sé sinnt á viðeigandi hátt og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Birgjar skulu tilkynna Heidelberg Materials um alla hagsmunaárekstra sem koma upp í tengslum við eða tengjast Heidelberg Materials og/eða starfsmönnum þess.
- Öll fjármálaviðskipti skulu fara fram í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og skulu birgjar ekki undir neinum kringumstæðum vera meðsekr í peningabætti og/eða fjármögnun hryðjuverka.
- Birgjar skulu sjá til þess að þeir hafi ekki aðhafst á neinn hátt sem brýtur í bága við viðurlög og löggjöf um útflutningseftirlit, þar með talið, en ekki takmarkað við löggjöf sem hefur verið hefur sett af Sameinuðu þjóðunum, Bandaríkjunum, Bretlandi, ESB eða hvaða ESB-ríki sem er.
- Birgjar skulu virða og fara eftir lögum, reglugerðum og meginreglum sem stuðla að sanngjarni og frjálsri samkeppni og banna starfsemi, samninga og fyrirkomulag sem er samkeppnishamlandi.
- Birgjar skulu viðurkenna alþjóðlega viðurkennd mannréttindi og skulu sjá til þess að þeir séu ekki þátttakandi í einhverjum mannréttindabrotum. Áreitni eða mismunum eins og það er skilgreint í Ofbeldis og Áreitni vinnustaðli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og í Mismununar vinnustaðli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í hvaða formi sem er, en ekki ásætlanlegt varðandi neina starfstengda meðferð (þar á meðal en ekki takmarkað við ráðningar, stöðuhækkun, uppsagnir). Þetta felur í sér, en er ekki takmarkað við kyn, þjóðernisuppruna, pólitískar skoðanir, félagslegan uppruna, fötlun eða aldur. Enn fremur skulu birgjar sjá til þess að ekki sé um mismunum að ræða varðandi tækifæri og meðferð að því er varðar ráðningu og starf, eins og kveðið er á um í vinnustaðli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar 111.
- Ætlast er til þess að birgjar hafi viðeigandi innri farveg fyrir tilkynningar, til að tryggja að regluáhætta og hugsanleg misferli verði uppgötvað og brugðist við sem fyrst.

Samvinna og uppsögn

Verndun þessara viðmiða er langtíma lærdóms-og þróunarferli. Heidelberg Materials er skylt samkvæmt lögum að framkvæma reglulega áhættumat í mismunandi formum. Í tilfalli auðkenndri áhættu hjá birgja, samþykkir birginn að HeidelbergCement hafi rétt til að grípa til aðgerðaáætlana sem innihalda sérstakar ráðstafanir, þar á meðal en ekki takmarkað við, sjálfsmat, þjálfun og úttektir á birgjanum til að sannreyna að þessum viðmiðum sé fylgt eftir og til að draga úr greindri áhættu.

Heidelberg Materials telur náðið og árangursríks samstarf við birgja sína mikilvægt. Það er, ef birgjir uppfyllir ekki kröfur þessa siðareglna birgja, áskilur Heidelberg Materials sér rétt til að segja upp hvaða samningi sem er við birgjann án frekari fyrirvara og tekur uppsögnin gildi um leið.

Birgjar geta tilkynnt um áhyggjur varðandi hegðun sem ekki er í samræmi við gildandi lög eða Heidelberg stefnur og reglur, í gegnum reglakerfi okkar "SpeakUp" (<https://www.speakupfeedback.eu/web/heidelbergcement>).

Jan Gänge

CFO and Deputy General manager Northern Europe

Jan.Gange@heidelbergmaterials.com

Alexandre Garcia

Head of Procurement Northern Europe

alexandre.garcia@heidelbergmaterials.com